



### 3. ÞJÓÐVELDI STOFNAÐ

Bls 26–33

#### Markmið

Að nemandi átti sig á:

- að íslenskt samfélag varð til með stofnun Alþingis
- að stjórnkerfið samanstóð af löggjafar- og dómsvaldi
- því hvaða refsingum var beitt
- því að hreppar komu til sögunnar sem minnsta stjórnsýslueiningin
- þeirri stéttarskiptingu sem ríkti í landinu frá upphafi
- hverjir fóru með völdin í landinu

#### Kennsla

Gott er að benda nemendum á að með tilkomu Alþingis var stofnað samfélag sem kallað hefur verið þjóðveldi. Sömu lög giltu um land allt en fyrirmyndin var sótt í norræna hefð. Það var hins vegar sérkennandi fyrir þjóðveldið að hér var enginn konungur og því ekkert framkvæmdavald.

Nemendur þurfa að átta sig á því að goðar voru höfðingjar landsins sem stjórnðu á Alþingi og í héraði. Bændur voru hin ráðandi stétt sem völdu sér goða til að styðjast við en raunveruleg völd byggðust fyrst og fremst á (jarð)eignum.

Þá er nauðsynlegt að fjalla um einstaka hópa samfélagsins svo sem þræla, vinnufólk, fátæka, konur og börn. Staða manna var mjög mismunandi og lífsbarátta fjöldans var harla hörð.

#### Til fróðleiks

##### Þrískipting valds í dag

Venja er að skipta ríkisvaldinu í þrennt: löggjafarvald, framkvæmdavald og dómsvald. Alþingi fer með löggjafarvaldið (setur lög), ríkisstjórnin fer með framkvæmdavaldið (á að framkvæma vilja Alþingis) og dómstólarnir fara með dómsvaldið (dæma í málum út frá lögum Alþingis).

##### Tvískipting valds á þjóðveldisöld

Á þjóðveldisöld var löggjafarvaldið og dómsvaldið í höndum stofnana innan Alþingis. Lögrétta fór með löggjafarvaldið (í henni sátu goðar landsins) en Fjórðungsdómur (læggra dómstigið) og Fimmtardómur (æðra dómstigið) fóru með dómsvaldið (þar sátu bændur sem skipaðir voru af goðum).



## Til fróðleiks

### Þinghald

Á þjóðveldisöld kom Alþingi saman í tvær vikur á hverju sumri. Ekki er vitað hvenær sumars þingið kom saman fyrstu áratuginna en eftir árið 999 kom það fyrst saman á fimmtudegi þegar 10 vikur voru af sumri (18.–24. júní) samkvæmt frásögn Ara fróða. Til viðbótar voru háð þrenns konar þing: fjórðungsþing, vorþing (sóknar- og skuldaþing) og leiðarþing (haustþing). Á fjórðungsþingum voru dómur kveðnir upp innan viðkomandi fjórðungs. Væru sakamenn hvor úr sínum fjórðungnum fór málið til Alþingis. Ekki er fullvíst hvar fjórðungsþingin voru en sennilegt er að þau hafi verið á eftirtöldum stöðum: austanlands í landi Víkur í Lóni í Austur-Skaftafellssýslu, sunnanlands undir Ármannsfelli í Þingvallasveit, vestanlands á Þórsnesi á Snæfellsnesi og norðanlands í Hegranesi í Skagafirði. Fjórðungsþingin voru ekki reglubundin enda kannski aðeins haldin þegar ástæða var til. Vorþing voru héraðsþing en þau voru þegar haldin á landnámsöld. Elst eru talin Kjalarnesþing, í landnámi Ingólfs, og Þórsnesþing á Snæfellsnesi. Fjöldi vorþinga var breytilegur. Þau voru eins og áður segir sóknarþing (mál voru sótt og dæmd, þ.e. dómstóll héraðsins) og skuldaþing (menn inntu af hendi alls kyns greiðslur og verslun fór fram). Leiðarþing voru haustþing sem haldin voru eftir að störfum Alþingis var lokið. Þar var skýrt frá störfum Alþingis og ýmsar tilkynningar birtar. Leiðarþing stóðu yfir í 1–2 daga.

## Umræður

- Hvað er samfélag og hvenær heldur þú að það hafi orðið til á Íslandi?
- Af hverju heldur þú að landsmenn hafi stofnað Alþingi?
- Hvað er löggjafarvald, dómvald og framkvæmda vald? Hverjir fóru með þetta vald áður? En í dag?
- Af hverju beitum við refsingum? Hverjir hafa leyfi til að refsa fólki?
- Hvað er stéttaskipting? Er stéttaskipting á Íslandi? En í öðrum löndum?
- Finnst þér vera misrétti í samfélaginu okkar núna? En áður fyrr? Hvað með stöðu barna og kvenna?
- Hverjir heldur þú að hafi ráðið mestu á fyrstu öldum Íslandsbyggðar?
- Hverjir heldur þú að hafi verið verst settir á fyrstu öldum Íslandsbyggðar?
- Hvernig heldur þú að það hafi verið að vera barn á þessum tíma?
- Hvenær finnst þér að börn geti byrja að vinna og þá hversu mikið?

## Verkefni

- Skrifaðu frétt af stofnun Alþingis á Þingvöllum árið 930. Ímyndum okkur að þú hafir verið á staðnum og getir því lýst hvernig allt fór fram.
- Skrifaðu bréf þar sem þú segir frá ólíkri stéttarstöðu fólks. Ímyndaðu þér að þú búir á stórbýli á Íslandi í kringum 930. Þú ræður hvaða stéttarstöðu þú hefur. Lýstu eigin lífi sem og högum þeirra sem búa á heimilinu.
- Teiknaðu mynd eða myndasýrpu sem sýnir stofnun Alþingis á Þingvöllum árið 930. Hafðu í huga allt það sem var gert á Alþingi, lög sett, dæmt í málum manna og kvenna, útihátíð þar sem fólkið hittist, verslun og viðskipti, skemmtun og tjaldbúðir.



- Hópverkefni þar sem hver hópur tekur fyrir eina stétt í landinu og aflar upplýsinga um hvað einkenndi hana og hver voru kjör hennar. Síðan eru niðurstöður kynntar fyrir hinum. Útbúa mynd og frásögn um hverja stétt. Goðar – bændur – konur – börn – vinnufólk – ómagar – leysingjar og húsgangar.
- Finndu ljóðið Ísland eftir Jónas Hallgrímsson. Lestu það upp eða myndskreyttu. Jafnvel hægt að skrifa niður um hvað það fjallar. Tengja það ljóðakennslu.

### Kort

Leitaðu þér upplýsinga um hvernig þing landsmanna skiptust. Merktu inn á Íslandskort helstu þing landsins. Afmarkaðu landsfjórðunga og héraðsþing.

### Tímaás

Merktu inn á tímaásinn öll ártöl og tímabil sem koma fyrir í kaflanum.



### 3. ÞJÓÐVELDI – VERKEFNI

Bls 26–33

1. Hvenær stóð þjóðveldisöld yfir og við hvað miðast tímabilið? \_\_\_\_\_

---

---

---

---

2. Hvað segir *Íslendingabók* um fyrstu lögin sem sett voru hérlandis?

---

---

---

---

3. Hverjir stjórnðu Alþingi og hvert var hlutverk þess?

---

---

---

---

4. Hvað var einstakt við þjóðveldið á Íslandi miðað við önnur lönd?

---

---

---

---

5. Hvenær var þrælahaald á Íslandi? Hver var staða þræla hér á landi?

---

---

---

---



6. Hverjir voru goðar og hvert var samband þeirra við bændur?

---

---

---

---

7. Hvað var vistarband og hvernig tengdist það kjörum manna?

---

---

---

---

8. Hverjir voru ómagar?

---

---

---

---

9. Hver var staða kvenna á þjóðveldisöld?

---

---

---

---



### 3. ÞJÓÐVELDI – LAUSNIR

1. Landnámsöld lauk við stofnun Alþingis árið 930. Þá hófst nýtt tímabil sem venja er að kalla þjóðveldisöld. Með því er vísað til þess að landsmenn hafi stofnað með sér þjóðfélag sem þeir stjórnðu sjálfir. Þjóðveldisöld stóð yfir fram til árána 1262/64 þegar Íslendingar urðu þegnar Noregskonungs.
2. Samkvæmt Íslendingabók kom maður að nafni Úlfljótur til landsins með lög frá Noregi. Margir landsmenn voru ættaðir þaðan og því ekki að undra að leitað væri fyrirmyndar í norskum lögum. Fyrstu íslensku löggin tóku mið af norskum lögnum en voru þó ekki eins að öllu leyti.
3. Karlmennt sem áttu eignir stjórnðu Alþingi. Alþingi var skipt niður í nokkrar stofnanir sem fóru annars vegar með löggjafarmál (Lögrétta) og hins vegar með dómsmál (fjórðungsdomur og fimmtardómur).
4. Íslenska þjóðveldið var einstakt að því leyti að ekkert framkvæmdavald var í landinu þar sem hér var enginn konungur. Þar af leiðandi bar enginn ábyrgð á löggæslu eða refsingum.
5. Þrælar voru upphaflega kristið fólk sem norrænir menn (t.d. landnámsmenn) höfðu rænt frá Bretlandseyjum. Afkomendur þeirra voru einnig hneptir í þrældóm þar til þrælahald lagðist af á 11. öld. Þrælar nutu lítilla réttinda enda voru þeir álitnir eign húsbænda sinna.
6. Goðarnir fóru með svokölluð goðorð sem veitti þeim rétt til að fara með höfðingjavald í héraði og á Alþingi. Styrkur hvers goða byggðist á því hversu margir bændur fylgdu honum að málum. Þeir bændur sem réðu yfir búi urðu að velja sér goða og urðu þeir þar með hluti af goðorði hans. Goðarnir réðu því ekki yfir tilteknu landsvæði heldur byggðust völd þeirra á að stofna til sambands við sem flesta. Um var að ræða eins konar bandalag höfðingja og bænda sem byggðist á gagnkvæmri aðstoð. Goðinn aðstoðaði fylgismenn sína lentu þeir í deilum og bændur studdu sinn goða ef hann átti í átökum.
7. Þeim sem voru án bújarðar var ætlað að ráða sig til vistar á einhverjum bænum. Það fyrirkomulag kallaðist vistarband og var venjan sú að menn réðu sig til árs í senn. Þar sem jarðnæði var takmarkað þurftu margir að sætta sig við að vera vinnumenn eða vinnukonur hjá bændum alla sína ævi. Kjör vinnufólks voru mjög bág enda voru launin yfirleitt ekki önnur en húsbaskjól, matur og föt. Vegna fátæktar var nánast ómögulegt fyrir vinnufólk að ganga í hjónaband og stofna fjölskyldu.
8. Búlausir fátæklingar sem gátu ekki leitað aðstoðar ættmenna kölluðust ómagar en þeim var komið fyrir hjá bændum.
9. Þjóðfélag fyrri alda var karlasamfélag þar sem konur höfðu lítil völd. Þær fengu hvorki að koma nálægt stjórn samfélagsins né að ráða yfir eignum. Hlutverk kvenna var fyrst og fremst að sinna barnauppleidi og heimilishaldi. Þær gátu engu að síður notið mikillar virðingar enda eru margar fornar frásagnir til af glæsilegum konum sem gáfu karlmönnum ekkert eftir að myndugleika og vitsmunum.